



Deiliskipulag Hagalands, Selfossi

Verkefnislýsing deiliskipulags skv. 70. Gr. Skipulagslaga nr. 123/2010

1. Afmörkun skipulagsvæðisins



Skipulagsreiturinn afmarkast af Móavegi til suðuraustan, opnu ústivistarsvæði að suðvestan og Árvegi og íbúðarbyggð við Starmóa að austan.

2. Aðdragandi

Kapólska kirkjan á Íslandi hefur vaxið gríðarlega hratt á undanförunum árum, í dag er um 3,66% af heildaríbúafjölda Íslands skráð í söfnuðinn sem gerir hann að næsta stærsta trúarsöfnuði Íslands næst á eftir Þjóðkirkjunni, en talið er að enn séu þó nokkuð margir óskráðir aðilar kapólskir og má gera ráð fyrir

að heildartala kaþólskra á Íslandi sé í kringum 20.000 manns. Í prósentum talið þá eru íslenskir kaþólikar fjölmennastir á norðurlöndum, miðað við höfðatölu.

Stjórnskipulega heyrir suðurland undir. St. Maríusókn í Breiðholti. Söfnuðurinn á Suðurlandi hefur verið vaxandi og hefur Kaþólska kirkjan verið í vandræðum undanfarin misseri með starf sitt þar sem kirkjan hefur ekki yfirráð yfir eigin húsnæði, hefur kirkjan því þurft að fá inni félagsheimilum eða kirkjum Þjóðkirkjunnar.

Markmið er að kirkjan á Selfossi eigi að vera þjónustumiðstöð fyrir suðurland og er því áformað að reisa kirkjubyggingu ásamt safnaðarheimili og prestbústað á Selfossi.

Á þeim grundvelli fór Kaþólska kirkjan þess á leit við bæjaryfirvöld í Árborg að fá lóð undir kirkju með tilheyrandi aðstöðu fyrir safnaðarheimili og prestsbústa. Bæjaryfirvöld voru jákvæð og brugðust vel við erindu og með staðarval fyrir Kaþólsku kirkjuna á Íslandi á óbyggðri fyrirhuguðu þjónustusvæði deiliskipulags Hagalands.

Undanfarin misseri hefur Kaþólska kirkjan unnið að þarfagreiningu og frumhönnun auk þess að tryggja fjármögnun í verkið, en sökum biskupsskipta þá hefur dregist að hefja framkvæmdir. Kaþólska kirkjan hefur tryggt fjármögnun m.a. frá Bonifatuserkerki í Þýskalandi til að hefja framkvæmdir við nýjan Kirkju og kirkjumiðstöð á Selfossi.

Upphaflega var gert ráð fyrir að deiliskipulagssvæðið næði eingöngu yfir lóðina Austurvegur 37. Með ábendingu frá Skipulagsstofnun var skipulagssvæðið stækkað og látið ná yfir lóð embættis sýslumanns á Hörðuvöllum 1.

3. Umhverfi og aðstæður

Í gildi samþykkt deiliskipulag Hagalands, skipulagsnúmer 7136 þar sem gert er ráð fyrir íbúðarbyggð auk óskipulagðra svæða fyrir hjúkrunarheimili og grunnskóla. Á lóð merktri Móvegur 4 sem er hluti af grunnskólalóð er fyrirhugað að reisa kirkjubyggingu Kaþólsku kirkjunnar á Íslandi. Lóðin liggur meðfram Móvegi í norðvestri með aðliggjandi íbúðabyggð í austri og suðvestri. Landslag á þessu svæði er tiltölulega flatt.

4. Aðliggjandi deiliskipulagsáætlanir

Eftirtaldir þrjár deiliskipulagsáætlanir liggja að skipulagssvæðinu.

Nr. 9600 Deilisköðulag Víkurheiðar að sunnan.

Nr. 5812 Deiliskipulag Fossalands að norðan.

Nr. 7554 Deiliskipulag gagnheiði.

Nr. 15179 Deiliskipulag í landi Bjarkar.

5. Stefna aðalskipulags

Aðalskipulag Árborgar 2010-2030 skilgreinir svæðið sem þjónustusvæði. Þjónar þetta svæði bæði öllu sveitarfélaginu svo og nærsveitum.

6. Viðfangsefni

Á óbyggðri lóð merktri Móvegi 4 norðan við Móveg er fyrirhugað að reisa einnar hæðar kirkjubyggingu með háreistu rispaki auk aðstöðu fyrir safnaðarheimili og prestbúsað með tilheyrandi bílastæðum.

7. Umhverfisáhrif

Ekki er reiknað með að framkvæmdir á svæðinu séu líklegar til að hafa í för með sér umhverfisáhrif sem einhverju nemur, sbr lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Deiliskipulagið fellur því ekki undir lög um umhverfismat áætlana. Gerð verður í deiliskipulaginu grein fyrir áhrifum skipulagsins á umhverfið í samræmi við ákvæði skipulagslaga.

8. Samráðsaðilar

Samráðsaðilar við skipulagsvinnuna eru eftirfarandi:
Skipulagsstofnun
Veitustofnanir
Viðeigandi nefndir og deildir Árborgar

9. Málsmeðferð og kynning lýsingar

Lýsing er afgreidd af skipulagsnefnd til kynningarog samþykkt í sveitastjórn
Lýsing er auglýst til kynningar og gerð aðgengileg almenningi og hagsmunaaðilum.
Lýsing er send skipulagsstofnun og og öðrum opinberum aðilum sem málið varðar til umsagnar.
Skipulagsnefnd tekur við ábendingum og hefur þær til hliðsjónar við útfærslu.
Af lýsingu lokinni er gerð deiliskipulagstillaga sem sem lögð er fyrir bæjarstjórn sem verður síðar auglýst.

10. Tímasetningar

Febrúar 2020	Skipulagslýsing samþykkt í skipulagsnefnd og bæjarstjórn til kynningar.
Mars 2020	Vinna við tillögu að deiliskipulagi .
Apríl 2020	Tillaga að deiliskipulagi samþykkt í skipulagsnefnd og bæjarstjórn til kynningar.
Maí -Júní 2020	Lögbundið auglýsingar- og kynningar ferli.

11. Samþykktir lýsingar

Lýsing þessi sem unnin er í samræmi við 40.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í Bæjarstjórn Árborgar


2019



Móavegur, Árborg
3D mynd


Verknúmer:	14038TB	Yfirfarið:	Checker	Samþykkt:	Kristinn Ragnarsson Kt. 120944.2669
Hönnun:	KR	Mælikvarði:	1 : 1	Blað:	U103
Verkefnastjóri:	KR	Dagsetning:	05/09/19		
Teiknað:	Author	Útgáfa:			





Tákn

Útg.	Dags.	Lýsing	Nafn



KRark
 Kristinn Ragnarsson arkitekt ehf.
 Hlíðasmán 19 - Zæði, 201 Kópavogur - Ísland
 Sí. 564.2255 - Fax. 544.4225
 Kt. 581298.3589 - www.krark.is - krark@krark.is

Móavegur
Árborg
 Landnúmer: 188015 Staðgreinir: 8200-1-05430370
 Þjónustubýgging

Afstöðumynd

Hönnun:	KR	Verknúmer:	14038TB
Verkefnastjóri:	KR	Mælikvarði:	1:500
Teiknað:	Author	Dagsetning:	18. janúar 2020
Yfirfarið:	Checker	Blað:	Útgáfa:
Sambýkkt:			
Kristinn Ragnarsson			U104
Kt. 120944.2669			